

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 — 1965

27. febrúar 1965.

117

Nr. 45.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð Súðavíkurhrepps, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. marz 1965.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Súðavíkurhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Súðavíkurhrepps.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af hjónunum Þuríði Magnúsdóttur og Grími Jónssyni frá Súðavík, til minningar um Jón Valgeir Hermannsson, bónda í Súðavík og konu hans, Guðrúnu Jóhannesardóttur, Súðavík.

Sjóður þessi tekur við eignum Sjúkrasamlags- og styrktarsjóðs Súðavíkurhrepps, sem stofnaður var árið 1929 af Jóni V. Hermannssyni, bónda í Súðavík, og Grími, bónda í Súðavík, syni hans.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 213 750.00.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru því fé, sem sjóðnum kann að áskotnast. Gjafafé skal leggja við stofnfé.

5. gr.

Markmið sjóðsins er að hlúa að menningarmálum í Súðavíkurhreppi. Má til þess verja helmingi árlegra vaxtatekna sjóðsins. Hinn helminginn skal leggja við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða. Stjórn sjóðsins ráðstafar fé hans árlega á afmælisdegi Gríms Jónssonar, 5. apríl ár hvert, í fyrsta sinn 5. apríl 1970, í samræmi við markmið sjóðsins. Styrkþegar geta verið einstaklingar, stofnanir og aðrir aðilar eða önnur þau málefni, sem stuðla að markmiði sjóðsins. Sé ekki úthlutað úr sjóðnum, skal úthlutunarfé leggjast við höfuðstólinn.

Á stofndegi sjóðsins, 5. apríl 1965, skal verja úr honum fé á eftirfarandi hátt: Öllum börnum fæddum á árunum 1960 til 1964, bæði árin meðtalin, skal gefa sparissjóðsbók með 100 króna innstæðu.

Síðan skal árlega gefa úr sjóðnum að minnsta kosti 100 króna afmælisgjöf til hvers barns, sem fætt er í hreppnum almanaksárið hið næsta á undan. Gjöf þessi verði lögð inn á sparissjóðsbók og afhendi formaður sjóðsstjórnar foreldrum eða fjárhaldsmanni barnsins hana á afmælisdegi þess.

B 15

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Sóknarprestur, sýslumaður og oddviti hreppsnefndar. Sjóðsstjórnin skiptir með sér verkum.

7. gr.

Ráðstöfun úthlutarfé sjóðsins svo og endurskoðaðir reikningar hans, skal hvortveggja auglýst í Lögbirtingablaði.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skrá þessari.

27. febrúar 1965.

Grimur Jónsson,
frá Súðavík.

REGLUR**um sérfræðileyfi tannlækna.**

1. gr.

Til þess að tannlæknar geti fengið leyfi ráðherra til að kalla sig sérfræðing, skal hann sanna fyrir sérfræðinefnd samkv. 2. gr., að hann uppfylli þau skilyrði, sem talin eru í reglum þessum, enda mæli landlæknir með leyfisveitingunni

2. gr.

Sérfræðinefnd skal þannig skipuð, að forstöðumaður tannlæknadeildar Háskóla Íslands er formaður hennar, en tveir nefndarmenn skulu tilnefndir af Tannlæknafélagi Íslands til þriggja ára í senn.

Þessir nefndarmenn skulu skipaðir af ráðherra.

Með sama hætti skal enn fremur tilnefna tvo sérfróða tannlækna til þátttöku með nefndinni í meðferð einstakra mála, er varða sérgrein þeirra, og fá þeir þá einnig atkvæðisrétt í nefndinni.

3. gr.

Umsókn um sérfræðileyfi skal stila til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, en senda sérfræðinefndinni.

Nefndin skal skila landlækni álitum um umsókn innan þriggja mánaða frá móttöku hennar.

Minnst fjórir af fimm nefndarmönnum þurfa að mæla með umsókn til þess að landlæknir geti mælt með henni. Hljóti umsókn ekki tilskilin meðmæli nefndarinnar, skal hver nefndarmaður gera skriflega grein fyrir atkvæði sínu og skulu greinargerðirnar sendar landlækni ásamt umsókninni.

Niðurstöðu nefndarinnar skal tilkynna umsækjanda jafnframt því, sem hún er send landlækni. Hljóti umsókn ekki tilskilin meðmæli nefndarinnar, skal umsækjanda greint frá forsendum þess.

Sé umsókn hafnað, getur umsækjandi ekki lagt inn nýju umsókn, fyrr en liðið er ár frá því, er honum var tilkynnt synjunin.